




## Ekkert lát á gjaldeyriskaupum Seðlabankans

### Helstu punktar:

- Íslenska krónan styrktist á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í ágúst. Verð á evru lækkaði um 1,6%, Bandaríkjadollar um 3,6% og bresku pundi um 4,7%. Gengisvísitalan lækkaði um 3,3%.
- Heildarveltan á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 540 m.evra (79 ma.kr.) í ágúst í samanburði við 434 m.evra veltu í júlí. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð sem veltan eykst verulega milli mánaða.
- Alls keypti Seðlabankinn 319 m.evra í ágústmánuði og nema hrein gjaldeyriskaup bankans á árinu 1,1 milljarði evra.
- Í fundargerð Peningastefnunefndar vegna seinustu vaxtaákvörðunar kom fram að markmið gjaldeyriskaupanna væri „að byggja upp gjaldeyrisforða í aðdraganda losunar hafta sem ekki væri fjármagnaður af erlendum lánnum og koma í veg fyrir að sveiflur í genginu yrðu of miklar, t.d. vegna tímabundins inn- eða útstreymis“. Þetta bendir hugsanlega til að bankinn ætli að draga úr gjaldeyriskaupum eftir að áætlun um losun hafta hefur komið til framkvæmda.
- Erlend staða þjóðarbúsins hélt áfram að batna á öðrum ársfjórðungi. Staðan án ILST í slitameðferð var +5% af VLF í lok fjórðungsins, en neikvæð um 33% af VLF miðað við reiknað uppgjör þeirra. Ekki er tekið tillit til greiðslu stöðuleikaskatts eða stöðuleikaframlags í reiknuðu uppgjöri, þannig að endanleg niðurstaða gæti mögulega verið einhversstaðar á milli þessara tveggja talna.
- Viðskiptajöfnuður mældist jákvæður um 27,5 milljarða króna á fyrri helmingi ársins í samanburði við 1,5 milljarð króna halla á sama tímabil 2014.


Þróun seinustu 12 mánuði



Tölur innan sviga er vægi í gengisvísitölunni (viðskiptavog þröng).

Heimild: Seðlabanki Íslands


Kaup Seðlabanka Íslands á gjaldeyri



Heimild: Seðlabanki Íslands




### Hefðbundinn mánuður, mesta veltan um miðjan mánuð og lok mánaðar.




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Bandaríkjadalur er dýrari en fyrir ári, evran ódýrari.




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Veltan á gjaldeyrismarkaði hefur aukist mikið undanfarna þrjá mánuði




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Seðlabankinn er búinn að kaupa rúmlega tvo milljarða evra síðan í byrjun árs 2011.




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Hrein erlend staða þjóðarþúsins án ILST í slitameðferð var jákvæð um 5,4% af VLF í lok 2F2015



Við mat á uppgjöri er ekki tekið tillit til greiðslu stöðugleikaskatts eða stöðugleikaframlags.  
Heimild: Seðlabanki Íslands


### Breyting á hreinni stöðu (án ILST í slitameðferð) skýrist af því að fjármagnsjöfnuður var jákvæður um 120 milljarða.




Breyting á hreinni stöðu við útlönd án ILST í slitameðferð.  
Heimild: Seðlabanki Íslands




**Viðskiptajöfnuður mældist jákvæður um 27,5 ma.kr. á 2015H1 í samanburði við 1,5 ma.kr. halla 2014H1**



**Munar þar mest um meiri afgang af þjónustuviðskiptum**




**Útflutningur var um 100 milljörðum króna meiri á 2015H1 en 2014H1.**




Útflutningsverðmæti skipt niður á helstu undirlíði.  
Heimild: Hagstofa Íslands


**En fluttum inn mun meira af hrá- og rekstrarvörum**



**Samkvæmt bráðabirgðatölum var 2,1 ma.kr. halli á vöruskiptum við útlönd í ágúst**



**Alls fóru 189 þúsund erlendir ferðamenn gegnum Leifsstöð í ágúst. Aukningin nemur 23,4% milli ára.**





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.